

**1993 nr. 134 31. desember****Lög um iðnaðarmálagjald<sup>1)</sup>**<sup>1)</sup> *Lögin falla úr gildi 1. jan. 2011 skv. l. 124/2010, 3. gr.*

**Tóku gildi 7. janúar 1994; komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 4. gr. Breytt með l. 81/1996 (tóku gildi 19. júní 1996), l. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), l. 21/2009 (tóku gildi 27. mars 2009) og l. 124/2010 (tóku gildi 24. sept. 2010).**

■ **1. gr.** Leggja skal 0,08% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnað í landinu eins og hann er skilgreindur í 2. gr. Skal gjaldstofn þess vera velta skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga.

□ ...<sup>1)</sup>□ ...<sup>2)</sup>

□ Í ríkissjóð skal renna 0,5% af innheimtu iðnaðarmálagjalds skv. 1. mgr. vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess.

□ Iðnaðarmálagjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn til þess myndaðist.

<sup>1)</sup> *L. 81/1996, 1. gr.* <sup>2)</sup> *L. 124/2010, 1. gr.*

■ **2. gr.** [Til iðnaðar telst öll starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanúmer sem upp eru talin í viðauka við lög þessi.]<sup>1)</sup>

□ Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstöðum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti nema annars sé getið í þeim lögum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> *Sjá Stjóð. A 1996, bls. 263–264.* <sup>2)</sup> *L. 81/1996, 2. gr.*

■ **3. gr.** [Iðnaðarmálagjald vegna rekstrarársins 2009 rennur í ríkissjóð. Tekjunum skal varið til verkefna á sviði menntunar og nýsköpunar í iðnaði eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum.

□ Iðnaðarmálagjald sem innheimtist eftir gildistöku laga þessara en var lagt á vegna rekstrarársins 2008 og fyrr rennur einnig í ríkissjóð og skal ráðstafað með sama hætti.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> *L. 124/2010, 2. gr.*

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

**[Viðauki.**

□ Til iðnaðar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast eftirtaldir atvinnugreinar samkvæmt Íslenskrí atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008:

05 Kolanám.

06 Vinnsla á hráolú og jarðgasi.

07 Málmnám og málmvinnsla.

08 Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.

09 Þjónustustarfsemi við námuvinnslu.

Úr 10 *Matvælaframleiðsla.*

10.20.4 Framleiðsla lagmetis úr fiskafurðum, krabbadýrum og lindýrum.

10.3 Vinnsla ávaxta og grænmetis.

10.42 Framleiðsla á smjörlíki og svipaðri feiti til manneldis.

10.6 Framleiðsla á kornvöru, mjölva og mjölvavöru.

10.7 Framleiðsla á bakarís- og mjölkendnum vörum.

10.8 Framleiðsla á öðrum matvælum.

10.9 Fóðurframleiðsla.

11 Framleiðsla á drykkjarvörum.

12 Framleiðsla á tóbaksvörum.

13 Framleiðsla á textílvörum.

14 Fatagerð.

15 Framleiðsla á leðri og leðurvörum.

16 Framleiðsla á við, viðarvörum og korki, önnur en húsgagnagerð; framleiðsla á vörum úr hálm og fléttuefnum.

17 Framleiðsla á pappír og pappírsvöru.

18 Prentun og fjölföldun upptekins efnis. Þó ekki 18.20.0, fjölföldun upptekins efnis.

19 Framleiðsla á koxi og hreinsuðum olúvörum.

20 Framleiðsla á efnum og efnavörum.

21 Framleiðsla á lyfjum og efnum til lyfjagerðar.

22 Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum.

23 Framleiðsla á vörum úr málmlausum steinefnum.

24 Framleiðsla málma.

25 Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði.

26 Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum.

27 Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum.

28 Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum.

29 Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum.

30 Framleiðsla annarra farartækja.

31 Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum.

32 Framleiðsla, ót.a.

33 Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja.

Úr 38 *Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps; endurnýting efnis.*

38.3 Endurnýting efnis.

41 Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna. Þó ekki 41.10.0, þróun byggingarverkefna.

42 Mannvirkjagerð.

43 Sérhæfð byggingarstarfsemi.

Úr 45 *Sala, viðgerðir og viðhald á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum.*

45.2 Bílaviðgerðir og viðhald.

Úr 58 *Útgáfustarfsemi.*

58.2 Hugbúnaðarútgáfa.

62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni.

Úr 63 *Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu.*

63.1 Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi, vefgáttir.

Úr 74 *Önmur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi.*

74.2 Ljósmyndþjónusta.

95 Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota.

Úr 96 *Önmur þjónustustarfsemi.*96.02 Hárgreiðslu- og snyrtistofur.]<sup>1)</sup><sup>1)</sup> *L. 21/2009, 1. gr.*